

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 16. ágúst 2018 - R18080043

	Fundargerðir:	
R18010025	Fundargerð 459. fundar stjórnar sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 13. ágúst 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað	
R18080088	Erindi Þórdísar Jónu Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar, dags. 17. ágúst 2018, um gæðamat fyrir skólaárið 2017-2018.	Sent borgarfulltrúum og skóla- og fristundasviði til kynningar.
R18050102	Erindi Samtaka tónlistarskólastjóra í Reykjavík, dags. 14. ágúst 2018, vegna ákvæðis um endurskoðun ársreikninga í þjónustusamningum tónlistarskóla 2017-2018 og 2018-2019.	Sent skóla- og fristundasviði og fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R14010250	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna breytinga á borgarstjórnarsal.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R18020068	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um svar um fjölda lóða sem úthlutað var á kjörtímabilinu.	Sent skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara til umsagnar.
R18080060	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um manneklu í leikskólum.	Sent skóla- og fristundasviði til umsagnar.
R18080082	Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2017.	Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.
R15020056	Erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 16. ágúst 2018, um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.	Sent borgarfulltrúum til kynningar og velferðarsviði til meðferðar.
R18070088	Erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 16. ágúst 2018, varðandi samstarf um málefni utangarðsfólks.	Sent velferðarsviði til meðferðar.
R17040014	Leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. ágúst 2018, vegna beiðnar um afrit úr gerðabók yfirkjörstjórna.	Sent yfirkjörstjórn til kynningar.
R18010091	Skýrsla lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu með afbrotatölfræði fyrir júlí 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.



STJÓRN SSH 459. fundur

Mánudaginn 13. ágúst 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Karl M. Kristjánsson
Ennfremur sátu fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH og Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Þetta gerðist:

Í upphafi fundar bauð stjórnarformaður, Ármann Kr. Ólafsson nýja stjórnarmenn velkomna, þau Rósu Guðbjartsdóttur og Karl M. Kristjánsson.

Síðan var gengið til dagskrár:

1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1601001

Umræður og yfirferð í kjölfar sameiginlegs fundar fulltrúa SSH og þriggja ráðherra vegna viðræðna um aðkomu ríkisins að fjármögnun aðgerða til að bæta innviði samgangna á höfuðborgarsvæðinu, bæði með nauðsynlegum aðgerðum til að bæta stofnvegakerfið, sem og eflingu almenningssamgangna.

Upplýst var að næsti fundur aðila er áformaður fyrir lok ágústmánaðar, og þess að vænta að þar komi fram skýr mynd á afstöðu ríkisins um fjárhagslega aðkomu að þessu verkefnum á næstu árum.

Niðurstaða:

Ákvarðanir um næstu skref í máli verða teknar þegar niðurstöður næsta fundar liggja fyrir sbr. ofanritað.

2. Málefni byggðasamlaganna

Umræður vegna undirbúnings fyrir boðaða eigendafundi SORPU bs. og Strætó bs. vegna fjárhagsáætlana byggðasamlaganna fyrir árið 2019.

Niðurstaða:

Formanni og framkvæmdastjóra falið að undirbúa og setja saman dagskrá eigendafundanna.

3. Samstarf sorpsamlag á suðvesturhorni /málsnr. 1711001

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir stöðu viðræðna milli fulltrúa SORPU bs. og SOS um mögulega lausn á nýjum urðunarstað á Suðurlandi fyrir óvirkkan úrgang. Upplýst var að afstaða sveitarstjórnar Ölfuss vegna málsins mun væntanlega liggja fyrir í lok ágústmánaðar.

Næstu skef í máli munu mótast af þeirri niðurstöðu.



4. Sameiginleg ferðaðþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra til samráðshóp velferðarsviða frá 12. júlí sl. þar sem dregin er upp mynd af stöðu máls og bent á nauðsyn þess að ráðinn verði sérstakur verkefnastjóri til að leiða og ljúka úrvinnslu og tillögugerð um mögulegt fyrirkomulag og útfærslur á áframhaldandi samstarfi um sameiginlega ferðaðþjónustu fyrir fatlað fólk.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn tekur undir sjónarmið og tillögu framkvæmdastjóra um ráðningu verkefnastjóra og leggur áherslu á að sveitarfélögin samþykki fjárveitingu vegna málsins þannig að hægt verði að leggja fullmótaðar tillögur fyrir sveitarfélögin sem fyrst.

Rósa Guðbjartsdóttir óskaði bókað að málið eigi eftir að fá umfjöllun á vettvangi fjöldskyldusviðs Hafnarfjarðarbæjar.

5. SSH – verkefni og áherslur framunda við upphaf nýs kjörtímabils

Fyrir lá stiklusamantekt framkvæmdastjóra vegna málsins

Umræður

Rætt var sérstaklega um samspil SSH og Sambands íslenskra sveitarfélaga í hagsmunagæslu f. sveitarfélögin og framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs SSH

Niðurstaða:

Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna tillögur að úrvinnslu máls í ljósi umræða á fundinum.

6. Búsetuúrræði fyrir ungmenni – mögulegt samstarf sveitarfélaganna /málsnr. 1808002

Fyrir fundinum lá tölvupóstur bæjarstjóra Seltjarnarness vegna málsins.

Framkvæmdastjóri upplýsti að á næstu vikum séu væntanlega tillögur samstarfshóps sem hefur skoðað málið, og gert er ráð fyrir að þær verði tilbúnar fyrir næsta stjórnarfund.

7. Önnur mál

a) Áfram Strætó! Hvatning um bætтар strætósamgöngur /málsnr. 1807002

Fyrir lá erindi frá fulltrúum fyrirtækja í Árbæ og á Ártúnshöfða þar sem vakin er athygli á þörf á bættum tengingum almenningsvagna við svæðið.

Samþykkt að vísa málinu til Strætó bs. til skoðunar.

b) Erindi frá borgarráði; viðræður vegna kostnaðarþátttöku einstaklinga sem nýta sér úrræði Reykjavíkurborgar /málsnr. 1808001

Samþykkt að vísa erindinu til skoðunar og umsagnar hjá samráðshópi forstöðumanna velferðarsviða.

c) Erindi frá borgarráði; Samstarf um málefni utangarðsfólks /málsnr. 1808001

Samþykkt að vísa erindinu til skoðunar og umsagnar hjá samráðshópi forstöðumanna velferðarsviða.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00



Hjallastefnan

Málsnr:	R18080088
Skjalasafn Ráðhúss	
17. ágú. 2018	
Deild/Litillit:	430

Vinsamlega dreifið þessum bréfum frá Hjallastefnunni

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is


Ágæti viðtakandi

Í umslaginu eru bréf frá framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar til sveitarstjórnarfulltrúa, til framkvæmdarstjóra sveitarfélagsins og til stjórnanda fræðslumála sé slíkur stjórnandi til staðar.

Vinsamlega komið þessum bréfum áleiðis

Bestu kveðjur,

Matthías Matthíasson





Hjallastefnan

Gæðamat skólaárið 2017-2018

Kæru fulltrúar sveitarstjórnar

Garðabær, 2018

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Til að meta gæði í starfi og ánægju þá höfum líkt og undanfarin ár gert starfsánægjukönnun, könnun til foreldra sem og framkvæmt gæðainnlit. Það má með sanni segja að skólaárið hjá leikskólum Hjallastefnunnar í Reykjavík hafi verið einstaklega gott. Niðurstöðurnar eru framúrskarandi og gefa tilefni til að vera stolt af því starfi sem börnum er boðið uppá.

En það má alltaf gera betur og í nokkurn tíma höfum við leitað leiða til að breyta þeim ramma sem verið hefur í starfinu. Það var því ákveðið að fara í tilraunaverkefni um styttingu vinnudagsins. Markmið verkefnisins er að draga úr því mikla álagi sem er á starfsfólki og gera þannig góðan skóla enn betri.

Stytting vinnudagsins um klukkustund

Verkefnið var vel undirbúið af stjórnendum og fylgt eftir með þátttöku allra starfsmanna. Hver og einn kjarni útfærði styttinguna á þann hátt sem hentar best. Ákveðið var að um tilraunaverkefni væri að ræða í heilt ár en fátt sem bendir til annars en að ekki verði aftur snúið. Það er mikil hamingja hjá starfsfólki og stjórnendum og hafa þeir gefið verkefninu einkunn á bilinu 8-10.

Markmið Hjallastefnunnar með innleiðingu á styttri viðveru starfsfólks er:


- að minnka álag á starfsfólk
- fækka fjarvistum vegna veikinda
- minnka skrepp starfsfólks á vinnutíma
- minnka brottfall vegna álagstengdra vandamála
- minnka starfsmannaveltu
- lengja starfsævi kennara og annars starfsfólks
- auka lífsgæði kennara og annars starfsfólks
- gera leikskóla Hjallastefnunnar að eftirsóknaverðasta vinnustað kennara og annars fagfólks sem starfar við menntun barna

Aðferðafræði og leiðir

Hluti af verkefninu er að valdefla skólastjóra enn frekar og ekki síður starfsfólkið. Því var mikilvægt að fá alla til að taka í verkefninu á öllum stigum. Það var gert að fjölbreyttum aðferðum til að nálgast alla hópa. Verkefnið fól í sér:

- viðtöl við skólastjóra
- viðtöl við kjarnastjóra
- vinnustofur með kjörnum
- kynningarfundir með foreldrum
- mæling á álagi með spurningakönnun
- fjarvistagreiningar

Til þess að stytting vinnutímans sé raunhæf þarf margt að koma til en helst ber að nefna meiri sveigjanleika í viðveru starfsfólks með möguleika á breytilegum vinnutíma.





Hjallastefnan

Vinnustofur voru nýttar til að koma auga á hindranir og/eða tækifæri varðandi dagskipulag, vinnuáðstöðu, stjórnun, skipulag og samskipti.

Mælikvarðar verkefnisins

Til að meta árangur af verkefninu var ákveðið í upphafi hvaða þættir yrðu hafðir til viðmiðunar til að meta árangur af verkefninu. Allir þessir þættir voru metnir áður en verkefnið fór af stað til að hafa viðmið. Þessir þættir eru m.a.:

- mat á álagi
- fjarvistagreiningar
- starfsánægja
- lífsánægja/hamingja
- heilsuefling
- stjórnun
- ánægja foreldra með þjónustu
- ánægja með dagskipulag
- ánægja með vinnutíma

Næstu skref eru að fylgjast náið með þeim mælikvörðum sem hafa verið mótaðir. Eins og sjá má eru þetta margir og fjölbreyttir þættir sem munu gefa góða mynd af því hvernig verkefnið þróast áfram. Þegar hafa verið skoðaðar og greindar fjarvistir og gefa þær tilefni til mikillar bjartsýn. Áfram verða fjölmörg úrlausnarefni sem þarf að sinna og verður það verkefni komandi vetrar að skerpa sýn okkar á markmiðum með þessu verkefni og hvernig það stuðlar að enn betri skóla.


Kannanir til foreldra og starfsánægjukönnun

Á hverju ári sendum við út kannanir til að fylgjast með stöðu og þróun skólanna, bæði meðal foreldra og starfsfólks. Slíkar kannanir hafa verið framkvæmdar með svipuðu sniði frá upphafi Hjallastefnunnar og gerir það okkur kleift að meta þróun á stöðu skóla út frá samanburðarhæfum gögnum.

Foreldrakönnunin sem fer fram með rafrænum hætti er þjónustukönnun og var framkvæmd af Ragnheiði Agnarsdóttir hjá Heilsufélaginu ehf.

Hér má sjá helstu niðurstöður foreldrakannana leikskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík:

Laufásborg-foreldrakönnun				
	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar eða mjög ósammála	Hvorki né/vil ekki svara
Móttaka og liðan				
Ertu sammála eða ósammála því að vel sé tekið á mót barninu þínu þegar það kemur í skólann?	90%	9%	0%	1%/0%
Barninu líður vel þegar ég sækir það í lok dvalartíma.	88%	10%	1%	0%/1%
Samskipti				
Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með samskipti starfsfólks og barnanna í skólanum?	89%	11%	0%	0%/0%
Stjórnun				
Ert þú sammála eða ósammála því að þú fáiir góða úrlausn þinna mála hjá stjórnendum skólans?	82%	14%	1%	2%/1%





Hjallastefnan

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Askja- foreldrakönnun

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar eða mjög ósammála	Hvorki né/vil ekki svara
Móttaka og liðan				
Ertu sammála eða ósammála því að vel sé tekið á móti barninu þínu þegar það kemur í skólann?	79%	19%	2%	0%
Barninu liður vel þegar ég sæki það í lok dvalartíma.	78%	18%	4%	0%
Samskipti				
Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með samskipti starfsfólks og barnanna í skólanum?	76%	21%	3%	0%
Stjórnun				
Ert þú sammála eða ósammála því að þú fáiir góða úrlausn þinna mála hjá stjórnendum skólans?	65%	24%	4%	7%/0%


Farið hefur verið yfir niðurstöður með starfsfólki á vinnustofu og rýnt í þá þætti sem sérstök ánægja var með og gaumgæfðir þeir vankantar sem fram komu í mati foreldra og vinna sett af stað til að bæta úr þeim þegar í stað.

Starfsánægjukönnun er einnig fastur liður í starfi allra Hjallastefnuskóla.

Hér má sjá helstu niðurstöður starfsánægjukönnunar:

Laufásborg - starfsánægjukönnun

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar eða mjög ósammála	Hvorki né/vil ekki svara
Ánægja				
Ég er almennt ánægð(ur) í starfi mínu.	75%	25%	0%	0%
Foreldrar þeirra barna sem eru í skólanum mínum eru almennt ánægðir með starfið í skólanum.	88%	12%	0%	0%
Stjórnun				
Stjórnun er almennt mjög góð í skólanum.	75%	13%	0%	6%/6%
Álag				
Álag er mikið í starfi mínu um þessar mundir.	6%	38%	0%	31%/0%
Liðan barna				
Ég tel að börnunum í mínum skóla liði almennt vel.	88%	12%	0%	0%
Meðmæli				
Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með skólanum sem vinnustað við vini þína og fjölskyldu?	81%	13%	6%	0%





Hjallastefnan

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is
hjalli.is

Askja - starfsánægjukönnun

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar eða mjög ósammála	Hvorki né/vil ekki svara
Ánægja				
Ég er almennt ánægð(ur) í starfi mínu.	38%	48%	0%	14%
Foreldrar þeirra barna sem eru í skólanum mínum eru almennt ánægðir með starfið í skólanum.	52%	43%	0%	0%/5%
Stjórnun				
Stjórnun er almennt mjög góð í skólanum.	76%	19%	0%	0%/5%
Álag				
Álag er mikið í starfi mínu um þessar mundir.	29%	29%	24%	9%/9%
Liðan barna				
Ég tel að börnunum í mínum skóla líði almennt vel.	76%	24%	0%	10%/0%
Meðmæli				
Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með skólanum sem vinnustað við vini þína og fjölskyldu?	62%	24%	0%	14%/0%

Farið var yfir niðurstöðurnar á starfsmannafundi og þær ræddar með það að markmiði að starfsmannahópurinn fyndi saman lausnir á þeim vandkvæðum sem á þeirra valdi eru að laga en einnig voru athugasemdir sem fram komu í könnuninni yfirfarnar í yfirstjórn félagsins með það að markmiði að finna úrræði til að auka enn á ánægju starfsfólks. Vonir standa til að stytting vinnudagsins muni hjálpa til og verður áhugavert að sjá hvað kemur út úr því á næsta ári.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna og einnig úr viðhorfskönnun foreldra barna leikskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík sýna svo ekki sé um villst að það er verið að vinna gott starf í skólunum.

Gæðainnlit


Til að meta gæðin og innra starf höfum við einkum gert tvennt. Í fyrsta lagi þá hefur Lilja Sigurðardóttur uppeldisfræðingur hannað mælitæki um gæði í starfinu sem auðveldar leikskólunum að meta einstaka þætti í starfi sínu og vinna úr gögnunum og verða þannig betur í stakk búnir til að uppfylla lagalega skyldu sína um innra mat.

Árangur þessarar vinnu hefur verið með eindæmum góður og liggur nú fyrir forþrófað mælitæki sem gerir starfsfólki leikskólanna kleift að skoða framkvæmd valfunda og gæði þess opna efniviðar sem börnunum er boðið upp á.

Mælitækið er notkun í öllum leikskólum Hjallastefnunnar. Til að fylgja eftir innleiðingu á matstækinu var framkvæmd óháð úttekt sem unnin var að Kristínu Kristjánsdóttur.

Í annan stað hefur verið framkvæmt gæðainnlit í skólum Hjallastefnunnar á vordögum þar sem hver skóli var heimsóttur og rýnt í starfið og starfshætti út frá fyrirframgefnum gæðastöðlum, m.a. úr Kynjanámskrá Hjallastefnunnar.

Innlit Kristínar tók fól meðal annars í sér að fylgjast með starfinu og taka viðtöl við starfsfólk og stjórnendur. Niðurstöðum var skilað í skýrslu sem stjórnendur fengu að heimsókn lokinni og gátu þá unnið með þá þætti sem ekki voru fullnægjandi samkvæmt gæðastöðlunum.





Hjallastefnan

Gæðamatið í starfi skólanna felur meðal annars í sér:

- samskipti starfsfólks við börn og foreldra
- agastjórnun í barnahóp
- samskipti á milli starfsfólks
- boðleiðir og stjórnun
- skráningar og ábyrgð hópstjóra
- gæði hópstarfs og valfunda/valtíma

+354 555 7020


hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Gæði í skólastarfi eru fyrsta og fremsta hjartans mál Hjallastefnunnar og því eru gæðakannanir og þróun teknar mjög alvarlega innan félagsins. Mikill metnaður ríkir í stjórnendateymi skólanna og í yfirstjórn félagsins til þess að líðan barna og starfsfólks sé eins góð og fremst er á kosið og að fagstarf skólanna okkar sé í hæsta gæðaflokki.

Bestu kveðjur

Þórdís Jóna Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri



Frá Samtökum tónlistarskólastjóra í Reykjavík - STÍR

Reykjavík 14. 8.2018

Erindi til borgarráðs Reykjavíkurborgar vegna ákvæðis um endurskoðun ársreikninga í þjónustusamningum tónlistarskóla 2017-2018 og 2018-2019

Nýlega barst stjórnendum tónlistarskóla bréf frá Reykjavíkurborg þar sem óskað var eftir framvísun ársreikninga ársins 2017. Þar kom fram að framvegis skuli þeir reikningar vera endurskoðaðir samkvæmt ákvæði í þjónustusamningum starfsársins.

Stjórnendur í skólunum hafa komið að máli við stjórn Samtaka tónlistarskólastjóra í Reykjavík og lýst yfir áhyggjum vegna þess kostnaðar sem slík endurskoðun löggilds endurskoðanda kostar.

Stjórn samtakanna fundaði um málið í dag og fór yfir málefnið. Stjórnarmeðlimum var í fersku minni fundur með frambjóðendum til borgarstjórnarkosninga í maí síðastliðnum sem haldinn var í Austurbæ. Þar mættu fulltrúar fyrrverandi og núverandi meirihluta í borginni og náðust góðar samræður um málefni skólanna, fagleg sem fjárhagsleg.

Eitt af áhyggjuefnum stjórnenda skólanna hefur lengi verið hvernig rekstrarumhverfi skólanna verður sífellt erfiðara. Að sama skapi lýstu margir frambjóðendur, á þá ekki síst fulltrúar meirihlutans yfir áhyggjum yfir þeim aðstöðumun sem tónlistarnemum í höfuðborginni búa við, t.d. hvað varðar há skólagjöld. Skólagjöldunum er ætlað að mæta kostnaði við rekstur skólanna en framlög borgarinnar og jöfnunarsjóðs er að sama skapi ætlað að greiða launakostnað.


Síðustu ár hefur þó ítrekað komið upp sú staða að greiðslur hafa ekki hrokkið fyrir nefndum launakostnaði, sérstaklega á efri stigum sem greiddar eru af jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þetta hefur veikt fjárhagsstöðu skólanna og hefur verið mætt með hækkun skólagjalda og niðurskurði. Einnig hafa margir skólar glímt við hækkun á leigu og ljóst að fastur kostnaður í rekstri, eins og leiga, laun skrifstofufólks og annar kostnaður hefur íþyngt tónlistarskólunum í Reykjavík. Nú bætist við kostnaður vegna endurskoðunnar sem gæti að jafnaði verið allt að einni milljón króna fyrir hvern skóla.

Einnig hefur nú verið bundið í lög að hlutur atvinnurekanda í lífeyrissjóðsgreiðslum hefur hækkað og við það bætist að ekki er fylgni milli launahækkanna tónlistarkennara og framlögum ríkis til jöfnunarsjóðs til handa tónlistarskólunum.

Þegar allt þetta safnast saman er ljóst að aukinn kostnaður sem fylgir því að endurskoðun ársreikninga verður skylda mun aðeins fást greiddur hjá skólunum með auknum álögum á nemendur eða foreldra þeirra, þ.e. hækkun á skólagjöldum.

Stjórn STÍR minnst umræðna um nauðsyn þess að lækka skólagjöld tónlistarskóla í borginni á áðurnefndum fundi en því miður mun framkvæmd þess nýja ákvæðis í þjónustusamningum aðeins verða til að hækka skólagjöld tónlistarnema enn frekar. Af þeim ástæðum óskum við í stjórn STÍR eftir því við borgarráð falli frá kröfu um endurskoðun ársreikninga í þjónustusamningum. Óskinn nær til Reykjavíkurborgar (v/ grunnstigs og miðstigs) en snýr einnig að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (v /miðstigs í söng, framhaldsstigs og tónlistarnáms á háskólastigi).

Þar sem málið er aðkallandi og þegar hefur verið óskað eftir ársreikningunum frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs óskum við eftir skjótum viðbrögðum.



Gunnar Guðbjörnsson,

Skólastjóri Söngskóla Sig. Demetz og formaður STÍR – Samtaka tónlistarskólastjóra í Reykjavík

gunnar@songskoli.is - s. 6634239

Borgarráð
16. ágúst 2018

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna breytinga á borgarstjórnarsal

Óskað er eftir upplýsingum um kostnað og stöðu við framkvæmdir á borgarstjórnarsal í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Borgarráð
16. ágúst 2018

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um manneklu á leikskólum

Hversu mörg laus pláss eru á leikskólum Reykjavíkur sem ekki er hægt að nýta vegna manneklu? A. Hversu mörg börn geta ekki hafið aðlögun á þeim leikskólum sem var fyrsta val hjá foreldrum þegar sótt var um leikskólapláss? B. Hversu mörg börn geta ekki hafið aðlögun í leikskóla í sínum hverfum?

Borgarráð
16. ágúst 2018

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um svar við fyrirspurn um fjölda lóða sem úthlutað var á kjörtímabilinu 2014-2018

Óskað er eftir útskýringum hvers vegna svör við fyrirspurnum frá 8. febrúar 2018 berast eftir kosningar þegar þau eru löngu tilbúin eins og raun ber vitni í svari um fjölda lóða sem hefur verið úthlutað á kjörtímabilinu fyrir leigu- og búseturéttaríbúðir. Svarið var tilbúið 11. maí en var ekki opinberað fyrr en á fundi borgarráðs 7 júní, sbr. 29. lið fundargerðar borgarráðs frá 8. febrúar 2018. Vísan í málið R18020068.

218080082
05/01

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ársreikningur 2017



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 4. júní 2018
SB

Efni: Ársreikningur SSH 2017

Meðfylgjandi er ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem samþykktur var af stjórn hinn 7. maí s.l.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritanir stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru hagsmunasamtök og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stofnuð árið 1976. Markmið samtakanna er að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu verkefni stjórnar og starfsmanna á árinu 2017 tengdust svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, samstarfi við Vegagerðina og samgönguráðuneyti vegna samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu vegna nauðsynlegra úrbóta á stofnvegakerfi og eflingu almenningssamganga. Sömu leiðis var rekstur byggaðsamlaganna í eigu sveitarfélaganna og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í brennidepli.

Á vettvangi SSH hafa störfuðu á árinu þverfaglegir samráðshópar sveitarfélaganna um ýmis samstarfsverkefni v. velferðarmála, skólamála, skipulagsmála, samgöngumála o.fl.


Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2017 er afkoma samtakanna jákvæð um 2,5 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2017 samkvæmt efnahagsreikningi nam 16,1 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Laun og launatengd gjöld nema 41,6 millj. kr. Starfandi er framkvæmdastjóri hjá samtökunum auk tveggja annarra starfsmanna alls í 2,7 stöðugildum í árslok. Meðal verkefniskostnaðar svæðisskipulags eru færð laun og launatengd gjöld starfsmanna verkefnisins. Nema laun og launatengd gjöld verkefnisins 17,5 millj. kr. á árinu.

Aðildarsveitarfélög samtakanna voru sjö á árinu 2017 en þau eru, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2017 með undirritun sinni.


Kópavogur 7. maí 2018

Framkvæmdastjóri



Kópavogur 7. maí 2018

Í stjórn samtakanna:



Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samtakanna 31. desember 2017 og afkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samtökunum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samtakanna og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi þeirra, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Aritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samtakanna. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samtökin órekstrarhæf.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.


Reykjavík, 27. apríl 2018

KPMG ehf.



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2017 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kópavogur, 27. apríl 2018



	Skýr.	Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2017	Ársreikningur 2016
Rekstrartekjur				
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	5	9.759.510	9.700.000	8.544.760
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		30.626.403	30.000.000	27.536.994
Framlag úr Jöfnunarsjóði v/sóknaráætlunar 2020		2.435.137	1.600.000	1.638.853
		<u>42.821.050</u>	<u>41.300.000</u>	<u>37.720.607</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	6	24.120.271	25.000.000	25.098.916
Húsnæðiskostnaður	7	4.922.334	5.500.000	4.788.303
Annar rekstrarkostnaður	8	3.328.163	3.000.000	2.156.563
		<u>32.370.768</u>	<u>33.500.000</u>	<u>32.043.782</u>
Verkefnakostnaður	9	8.844.638	8.100.000	6.433.678
		<u>41.215.406</u>	<u>41.600.000</u>	<u>38.477.460</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		<u>1.605.644</u>	<u>(300.000)</u>	<u>(756.853)</u>
Vaxtatekjur		943.243	300.000	361.984
Arður		235.566		231.483
Fjármagnstekjuskattur	(	235.760)		(118.693)
Vaxta- og þjónustugjöld	(	54.660)		(53.499)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>888.389</u>	<u>300.000</u>	<u>421.275</u>
Afkoma ársins	12	<u>2.494.033</u>	<u>0</u>	<u>(335.578)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Eignarhlutir í félögum	10	<u>573.459</u>	<u>73.459</u>
Skammtímakröfur		14.281.217	14.980.723
Handbært fé		<u>102.227.932</u>	<u>25.276.345</u>
		116.509.149	40.257.068
Eignir samtals		<u><u>117.082.608</u></u>	<u><u>40.330.527</u></u>
Eignir utan efnahagsreiknings	11		
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	12	<u>16.050.768</u>	<u>13.556.735</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		9.622.317	13.856.131
Skammtímaskuldir		81.363.552	6.386.881
Ónotað innborgað verkefnafé		<u>10.045.973</u>	<u>6.530.782</u>
		101.031.842	26.773.794
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>117.082.608</u></u>	<u><u>40.330.527</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

	Skýr.	Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2017	Ársreikningur 2016
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins	12	2.494.033	0	(335.578)
Veltufé frá (til) rekstrar		2.494.033	0	(335.578)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur, lækkun		699.506	0	7.403.938
Skammtímaskuldir, hækkun		74.258.048	0	4.874.499
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		74.957.554	0	12.278.437
Handbært fé frá rekstri		77.451.587	0	11.942.859
Fjárfestingarhreyfingar:				
Eignarhlutir í félögum, breyting		(500.000)	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(500.000)	0	0
Hækkun á handbæru fé á árinu		76.951.587	0	11.942.859
Handbært fé í ársbyrjun		25.276.345	25.276.345	13.333.486
Handbært fé í árslok		102.227.932	25.276.345	25.276.345

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Tekjur

Rekstrartekjur SSH eru annars vegar framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar árgjald aðildarsveitarfélaganna eins og það er ákvarðað á aðalfundi hverju sinni. Framlög Jöfnunarsjóðs eru færð til tekna í samræmi við úthlutanir sjóðsins. Framlög sveitarfélaga byggja á föstu gjaldi pr. íbúa sem síðan er innheimt með hliðsjón af fjölda íbúa í viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

3. Fjárhagsáætlun

Endurskoðuð fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2017 er birt í rekstrarreikningi og sjóðsstreymisýfirliti til samanburðar.

4. Eignahlutur í félögum

Eignarhlutur í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

5. Árgjöld aðildarsveitarfélaga:

	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2016
Reykjavíkurborg	5.546.070	4.898.400
Kópavogsbær	1.586.070	1.365.600
Hafnarfjarðarbær	1.291.635	1.127.560
Garðabær	685.350	588.680
Seltjarnarnesbær	440.235	176.600
Mosfellsbær	200.250	379.240
Kjósarhreppur	9.900	8.680
	<u>9.759.510</u>	<u>8.544.760</u>

6. Laun og launatengd gjöld:

Laun skrifstofu:

Laun framkvæmdastjóra	15.166.252	14.904.369
Önnur laun skrifstofu	5.113.433	4.855.879
Lífeyrissjóðsgjöld	2.284.479	2.042.336
Viðbótarframlag til Brúar lífeyrissjóðs	125.301	0
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld	83.011	79.376
Tryggingagjald	1.591.894	1.608.309
Endurhæfingarsjóður	25.271	24.164
Tryggingar	107.671	98.124
Áfallið orlof	(12.541)	1.832.859
Laun vegna ræstingar færð á húsnæðiskostnað	(364.500)	(346.500)
	<u>24.120.271</u>	<u>25.098.916</u>

Laun svæðisskipulags:

Laun starfsmenn svæðisskipulags	11.957.798	9.993.614
Laun svæðisskipulagsnefndar og varamanna í stjórn	2.940.204	2.014.144
Lífeyrissjóðsgjöld	1.587.409	1.195.495
Tryggingagjald	1.156.199	949.522
Áfallinn launakostnaður og launatengd gjöld	(395.136)	395.136
Endurhæfingarsjóður	14.734	10.994
Áfallið orlof	262.129	(1.057.405)
Launakostnaður vegna svæðisskipulags fært á verkefniskostnað	(17.523.337)	(13.501.500)
	<u>0</u>	<u>0</u>

Laun og launatengd gjöld samtals

<u>24.120.271</u>	<u>25.098.916</u>
-------------------	-------------------

Skýringar, frh.:

6. Laun og launatengd gjöld, frh.:

Áfallið orlof hækkar um 249.588 kr. Skiptist sú fjárhæð þannig að áfallið orlof vegna skrifstofu lækkar um kr. 12.541 og hækkar um kr. 262.129 vegna svæðisskipulags. Í efnahagsreikningi ársins nemur áfallna orlofið 3.689.308 kr. í lok árs 2017.

7. Húsnæðiskostnaður:

	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2016
Húsaleiga	3.834.513	3.766.978
Annar kostnaður	1.087.821	1.021.325
	<u>4.922.334</u>	<u>4.788.303</u>

8. Annar rekstrarkostnaður:

Tölvupjónusta.....	1.673.262	1.820.594
Bókhaldspjónusta.....	1.785.752	1.575.363
Fundakostnaður skrifstofu (stjórnarfundir ofl.).....	869.432	995.774
Aðalfundur.....	561.737	0
Sími og burðargjöld.....	826.493	708.957
Bifreiðastyrkir.....	660.000	660.000
Rekstur og viðhald skrifstofuáhalda.....	668.948	639.527
Gjaldfærð áhöld.....	758.362	773.418
Endurskoðun og reikningsskil.....	865.160	626.819
Ráðstefnur og námskeið.....	331.903	150.223
Ferðakostnaður.....	31.994	0
Bækur, blöð, tímarit.....	104.392	121.870
Pappír, prentun, ritföng.....	143.313	18.450
Hlutdeild svæðisskipulags í sameiginlegum kostnaði.....	(5.000.000)	(5.000.000)
Hlutdeild sóknaráætlunar í sameiginlegum kostnaði.....	(1.000.000)	(1.000.000)
Annar kostnaður.....	47.415	65.568
	<u>3.328.163</u>	<u>2.156.563</u>

9. Verkefnakostnaður:

Sóknaráætlun landshlutasamtaka:

Samkvæmt samningi sem gerður var við fjármála- og efnahagsráðuneytið þann 10. febrúar 2015 er SSH umsjónar- og framkvæmdaðili sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið. Framlög ríkissjóðs til sóknaráætlunarverkefna á árinu 2017 námu alls 22,9 milljónum króna, þar af var ráðstafað 8,9 millj. kr. til undirbúnings Borgarlínu, 6 millj. kr. vegna staðarvalsverkefnisins „Location Reykjavik Capital area“, 6 millj. kr. vegna tölfærðar höfuðborgarsvæðisins og 2 millj. kr. í GERT, samstarfsverkefni SSH, Samtaka iðnaðarins o.fl. aðila vegna kynningar í grunnskólum til að auka áhuga nemenda á raunvísindum og tækni.

Sóknaráætlunarverkefnin eru unnin í samfelli milli ára, og byggjast á fjármögnun og samstarfi fleiri aðila. Umfang þeirra eins og þau koma fram í ársreikningi er því meira en sem nemur árlegu framlagi ríkissjóðs. Nánari sundurliðun á tekjum og gjöldum vegna verkefnanna er að finna í yfirliti eftast í þessum ársreikningi.

Skýringar, frh.:

9. Verkefnakostnaður, frh.:

Svæðisskipulag:

Í samræmi við samkomulag aðildarsveitarfélaganna frá 24. ágúst 2012 annast skrifstofa SSH um rekstur og stjórnarsýslulegt utnumhald um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Fjárhagur svæðisskipulagsins er aðgreindur frá almennum rekstri skrifstofu SSH, sveitarfélögin greiða sérstaklega laun svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar og framlög í sérstakan verkefnasjóð í samræmi við starfsreglur svæðisskipulagsnefndar. Á árinu 2017 greiddu sveitarfélögin að auki sérstakt 28,5m kr. verkefnaframlag til SSH vegna undirbúnings að innleiðingu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu - „Borgarlínan“. Verkefnið fólst að hluta til í breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, og að hluta til í verkefnum sem tengjast skilgreiningu á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum verkefnisins. Nánari upplýsingar er að finna í yfirliti meðfylgjandi ársreikningi þessum.

	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2016
Svæðisskipulag:		
Svæðisskipulagsvinna vegna Borgarlínu.....	9.000.000	0
Hlutdeild SVF vegna svæðisskipulags.....	18.914.002	23.519.995
Verkefnafé sveitarfélaga	5.000.000	0
Ónotað verkefnafé svæðisskipulags frá fyrra ári.....	3.984.809	0
Ónotað verkefnafé svæðisskipulags, flutt til næsta árs.....	(1.000.000)	(3.984.809)
Innheimt vegna svæðisskipulags	35.898.811	19.535.186
Laun svæðisskipulagsstjóra.....	11.764.791	9.993.614
Laun svæðisskipulagsnefndar.....	2.940.204	2.014.144
Launatengd gjöld.....	2.787.410	1.493.742
Bíðfreiddastyrkur.....	396.000	396.000
Aðkeypt sérfræðipjónusta.....	12.545.890	555.061
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði.....	5.000.000	5.000.000
Annar rekstrarkostnaður.....	126.829	82.625
	35.561.124	19.535.186
Svæðisskipulag	(337.687)	0
Sóknaráætlun 2015-2019:		
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlun.....	22.900.000	13.918.151
Ónotað verkefnafé svæðisskipulags frá fyrra ári.....	5.000.000	1.351.056
Ónotað innborgað verkefnafé Sóknaráætlunar, flutt til næsta árs.....	(2.000.000)	0
Innheimt vegna sóknaráætlunar	25.900.000	15.269.207
Sameiginlegur kostnaður.....	1.000.000	1.040.700
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins.....	3.740.450	6.521.137
Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum.....	11.173.588	9.580.081
GERT.....	2.000.000	0
Verkefnafé flutt á Borgarlínu.....	8.900.000	0
	26.814.038	17.141.918
Sóknaráætlun 2015-2019	914.038	1.872.711
Borgarlína		
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, hlutdeild Borgarlínu.....	8.900.000	17.586.320
Verkefnafé Borgarlínu.....	19.500.000	0
Ónotað innborgað verkefnafé frá fyrra ári.....	2.500.000	0
Innheimt vegna sóknaráætlunar	30.900.000	17.586.320
Verkefniskostnaður Borgarlínu.....	29.480.787	17.586.320
	29.480.787	17.586.320

Borgarlínan (1.419.213) 0

Skýringar, frh.:

9. Verkefnakostnaður, frh.

Vegagerðin vegna samgöngumála:

Innheimt framlag	12.094.839	0
Ónotað verkefnafé, flutt til næsta árs.....	(7.000.000)	0
Innheimt vegna samgöngumála	5.094.839	0

Verkefniskostnaður.....	10.883.239	0
	10.883.239	0

Vegagerðin vegna samgöngumála	5.788.400	0
-------------------------------	-----------	---

Almenningssamgöngur:

Framlög Vegagerðarinnar vegna almenningssamgangna.....	889.560.000	889.560.000
Greitt til Strætó bs.....	(889.560.000)	(889.560.000)
	0	0

Annar verkefnakostnaður:

Þjónusta við fatlaða.....	0	1.095.500
Rekstrarúttekt byggðasamlaga.....	0	14.034.253
Viðhald girðinga.....	3.899.100	3.501.420
Vatnsvernd.....	0	720.810
Annar verkefnakostnaður.....	0	1.059.457
Innheimt hjá sveitarfélögum v/vatnsverndar.....	0	(720.810)
Innheimt hjá byggðasamlögum vegna rekstrarúttektar.....	0	(14.034.253)
Innheimt hjá sveitarfélögum v/málefna fatlaðra.....	0	(1.095.500)
	3.899.100	4.560.877

Verkefnakostnaður samtals	8.844.638	6.433.588
---------------------------	-----------	-----------

10. Eignarhlutir í félögum

Samkvæmt hlutaskrá Spalar hf. nemur hlutafjáreign samtakanna 660 þús. kr. Eignfært hlutafé í efnahagsreikningi samtakanna er hins vegar 73 þús. kr. en það er sú fjárhæð sem greidd var úr sameiginlegum sjóðum samtakanna. Mismuninn eða 587 þús. kr. greiddu aðildarsveitarfélögin sjálf og er það eignfært hjá hverju um sig. Eignarhlutir í félögum greinist með eftirfarandi hætti:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Borgarlína ehf.	100%	500.000
Spölur hf.		73.459
		573.459

11. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

Skýringar, frh.:

12. Yfirlit um eiginfjárreikning:

	2017	2016
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	13.556.735	13.892.313
Afkoma ársins	2.494.033	(335.578)
Eiginfjárreikningur í árslok	<u>16.050.768</u>	<u>13.556.735</u>

13. Samningar

Hinn 7. maí 2012, var gengið frá samningi milli innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Vegagerðarinnar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna sérverkefnis til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn er til tíu ára og felur í sér framlög Vegagerðarinnar til verkefnisins sem nemur 822 millj. kr. á árinu 2014, 900 millj. kr. árlega á samningstímanum auk 550 millj. kr. framlags á árinu 2022. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru móttakandi framlaga Vegagerðarinnar sem síðan er veitt áfram óskert til Strætó bs. Fjárhæðir framlaga taka breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í fyrsta skipti 1. janúar 2013. Þrátt fyrir framangreind verðbótaákvæði þá er fjárhæð hvers árs háð fjárlögum hverju sinni.

Yfirlit verkefnisumsjónar SSH á árinu 2017

	Svæðis- skipulag	Sóknar- áætlun	Borgarlína	Vegagerðin v/ samgöngumála	Viðhald girðinga
Innheimt vegna verkefna					
Hlutdeild ríkissjóðs		22.900.000	8.900.000		
Verkefnafé sveitarfélaga	5.000.000				
Rekstrarframlag sveitarfélaga	18.914.002				
Verkefnafé Borgarlínu	9.000.000		19.500.000		
Vegagerðin v. samgöngumála				12.094.839	
Ónotað verkefnafé fyrra árs	3.984.809	5.000.000	2.500.000		
Fyrirframinnheimt verkefnafé	(1.000.000)	(2.000.000)	0	(7.000.000)	
	<u>35.898.811</u>	<u>25.900.000</u>	<u>30.900.000</u>	<u>5.094.839</u>	<u>0</u>
Kostnaður vegna verkefna					
Laun og tengd gjöld	17.888.405	0	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	5.126.829	1.000.000	0	0	0
Verkefniskostnaður	12.545.890	25.814.038	29.480.787	10.883.239	3.899.100
	<u>35.561.124</u>	<u>26.814.038</u>	<u>29.480.787</u>	<u>10.883.239</u>	<u>3.899.100</u>
Verkefnakostnaður SSH (	<u>337.687)</u>	<u>914.038</u>	<u>(1.419.213)</u>	<u>5.788.400</u>	<u>3.899.100</u>



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg
vt. Regína Ásvaldsdóttir
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 16. ágúst 2018
1711002 SB

Varðar: Sameiginleg ferðapjónusta fyrir fatlað fólk

Á 459. stjórnarfundum SSH, þann 13. ágúst s.l. var eftirfarandi bókað:

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra til samráðshóp velferðarsviða frá 12. júlí sl. þar sem dregin er upp mynd af stöðu máls og bent á nauðsyn þess að ráðinn verði sérstakur verkefnastjóri til að leiða og ljúka úrvinnslu og tillögugerð um mögulegt fyrirkomulag og útfærslur á áframhaldandi samstarfi um sameiginlega ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

Niðurstaða:

Stjórn tekur undir sjónarmið og tillögu framkvæmdastjóra um ráðningu verkefnastjóra og leggur áherslu á að sveitarfélögin samþykki fjárveitingu vegna málsins þannig að hægt verði að leggja fullmótaðar tillögur fyrir sveitarfélögin sem fyrst.

Rósa Guðbjartsdóttir óskaði bókað að málið eigi eftir að fá umfjöllun á vettvangi fjöldskyldusviðs Hafnarfjarðarbæjar.

Virðingarfyllt,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH



FERÐAÞJÓNUSTA FYRIR FATLAÐ FÓLK

Upplýsingasamantekt fyrir samráðshóp velferðarsviða

UMRÆÐUSKJAL

Páll Guðjónsson
11. JÚLÍ 2018

FFF – Sameiginleg ferðapjónusta fyrir fatlað fólk

Efnisyfirlit

Inngangur	2
I. Þjónustuver Strætó bs. – Reksturskostnaður og tæknihlið Trapez flotastýringarkerfisins	3
a. Reksturskostnaður þjónustuvers	3
b. Trapez kerfið – tæknileg atriði vegna svæðaskiptingar o.fl.	4
II. Sviðsmyndir:.....	5
1. Óbreytt fyrirkomulag – óbreyttur rekstur	6
2. Óbreyttur rekstur – svæðaskipt þjónusta.....	7
3. Breyttur rekstur – svæðaskipt þjónusta	8
4. Verkefnið aðgreint frá rekstri Strætó bs. og rekið sem sjálfstæð eining í eigu sveitarfélaganna.	9
5. Allt verkefnið boðið út – Strætó bs. úr myndinni	10
6. Samstarfi hætt – hvert sveitarfélög leysir þjónustuna á sínum forsendum.	11

Inngangur

Þar sem fyrir liggur að núverandi aksturssamningar Strætó bs. renna út í árslok 2019 er hafin vinna við undirbúning að nýju útboði. Allar ákvarðanir vegna nýs útboðs þurfa að ligga fyrir eigi síðar en í lok þessa árs. Í því felst m.a. að sveitarfélögin sem nú reka sameiginlega ferðapjónustu fyrir fatlað fólk þurfa að taka ákvarðanir um hvort samstarfið og fyrirkomulag á rekstri ferðapjónustunnar verði óbreytt eður ei. Erindi þess efnis hefur verið sent aðildarsveitarfélögunum og óskað eftir að afstaða sveitarfélaganna liggi fyrir í septembermánuði 2018.

Á fundi samráðshóps velferðarsviða 27. júní sl. var óskað eftir samantekt um álitamál er snúa að ferðapjónustu fyrir fatlað fólk sem innlegg í að undirbúa og undirbyggja ákvarðanatöku í málinu.

Hér á eftir fer örstutt samantekt um þær upplýsingar sem ég tók að mér að draga saman vegna þessa fyrir samráðshópinn.

Annars vegar eru dregnar fram fjárhagslegar og tæknilegar upplýsingar vegna þjónustuværs Strætó og Trapez kerfisins, og hins vegar er stillt upp 6 mismunandi sviðsmyndum um hugsanlegt fyrirkomulag á rekstri sameiginlegrar ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

Engin afstaða er tekin til mismunandi sviðsmynda í þessari samantekt, en bent á eftirfarandi þætti sem skipta meginmáli við áframhaldandi umræðu og mótun verkefnisins:

- Stærsta viðfangsefnið vegna framhalds verkefnisins er endurhugsun á samsetningu bílaflotans sem nota á fyrir ferðapjónustuna og leitun að leiðum sem aukið geta sveigjanleika í vali á flutningatækjum og tryggt hámarksnýtingu þess flota sem notaður verður hverju sinni. Þessi staðreynd er óháð því á hvaða sviðsmynd er horft.
- Skoða þarf alvarlega hvort nauðsynlegt er að knýja á um einhverjar reglugerðarbreytingar sem koma í veg fyrir að hægt sé að ná fram hagkvæmari lausnum án þess að slíkt komi niður á gæðum þjónustunnar.
- Notendur ferðapjónustunnar eru sérlega viðkvæmir fyrir breytingum og röskunum í þjónustunni. Þessa staðreynd þarf að hafa á borði við hliðina á mati á möguleikum til hagræðingar í rekstri.
- Óháð því hvort breytingar verða gerðar á fyrirkomulagi og framkvæmd þjónustunnar, þá er brýnt að sett verði skýrari umgjörð utan um verkefnið, því sett sérstök stjórn þar sem skarpri línur verði dregnar vegna stjórnunar og ábyrgðar við framkvæmd þjónustunnar.
- Setja þarf nýjar reglur um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna sem byggist á raunkostnaði og raunverulegri notkun hvers sveitarfélags á þeirri þjónustu sem þau nota.

Kópavogi, 11. júlí 2018

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

I. Þjónustuver Strætó bs. – Reksturskostnaður og tæknihlíð Trapez flotastýringarkerfisins

a. Reksturskostnaður þjónustuvers

Þegar Strætó bs. kallaði eftir því að taka að sér rekstur og umsjón með sameiginlegri ferðapjónustu fyrir fatlað fólk lagði byggðasamlagið fram tilboð um að annast rekstur þjónustuvers og umsjón með akstri verktaka fyrir 75 m. króna árlega.

Þessi upphæð hefur síðan verið lögð til grundvallar (með verðbótum) við innheimtu byggðasamlagsins á veittri þjónustu vegna þessara þátta.

Það kom hins vegar fljótlega í ljós að kostnaður byggðasamlagsins hefur alla tíð verið talsvert meiri. Umframkostnaðurinn hefur setið eftir inni í byggðasamlaginu og skipst á eigendur byggðasamlagsins í gegnum almenn rekstrarframlög vegna Strætó bs.

Þjónustuver fyrir ferðapjónustuna er rekið sem hluti af sameiginlegu þjónustuveri Strætó bs., sem jafnframt sinnir almennri þjónustu fyrir farþega Strætó bs. og vegna aksturs „landsbyggðastrætó“. Áætlað er að um 80% af umfangi þjónustuversins sé vegna ferðapjónustu fyrir fatlað fólk. Hins vegar er enginn bókhaldslegur aðskilnaður á hlutdeild hvers um sig í rekstri þjónustuversins. Því er ekki hægt að fá nákvæmar upplýsingar um raunkostnað við rekstur þess hluta þjónustuversins sem snýr að ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

Strætó bs. hefur hins vegar áætlað að árlegur kostnaður við rekstur þjónustuvers ferðapjónustunnar og annar sérgreindur kostnaður vegna hennar nemi um 120 - 130 m. króna. Auk daglegs reksturs þjónustuversins og kostnaðar vegna forstöðumanns er hér m.a. um að ræða kostnað vegna lögfræðiþjónustu í tengslum við kærumál vegna útboða og annarra samskipta við verktaka o.fl.

Kostnaður vegna aksturs fyrir ferðapjónustuna var um 1.522 þ. króna á árinu 2017. Fjöldi þjónustuþega það árið var 2.198 og alls voru eknar 410.131 ferðir. Samkvæmt því var meðalkostnaður vegna aksturs um 3.700 kr. pr. ferð og árlegur meðalkostnaður pr. þjónustuþega nam um 693 þ. króna.

Inn í ofangreindar tölur vantar kostnað vegna reksturs þjónustuversins. Sé gefið að hann hafi numið um 120 m. króna, þá bætast um 8% ofan á beinan kostnað vegna aksturs. Meðalkostnaður pr. ferð hækkar þá í ca 4.000 kr. og árlegur kostnaður pr. þjónustuþega í ca 750 þ. krónur.

Rétt er að benda hér á að í greiningarsamantekt Alta og skýrslu starfshóps frá 20. apríl 2018 vantar að tekið sé tillit til hlutdeildar þjónustuversins í kostnaðagreiningu og í samanburði t.d. við kostnað Kópavogs vegna þeirrar ferðapjónustu sem þar er rekin.

b. Trapeze kerfið – tæknileg atriði vegna svæðaskiptingar o.fl.

Umræður og vangaveltur um kostnað og tæknihið Trapeze kerfisins komu upp á fundi samráðshópsins 27. júní sl.

Eftirfarandi felur í sér þau svör sem ég hef náð að draga fram við þeim spurningum sem þar komu fram:

- Samkvæmt upplýsingum frá Strætó bs. nam tölvukostnaður vegna þjónustuversins um 10 m. króna á árinu 2017. Greiðslur til Trapeze vegna notkunar á kerfinu eru langstærsti hluti þessa kostnaðar. Samkvæmt upplýsingum frá Strætó bs. hefur seljandi Trapeze boðað breytingar á notendasamningi, sem mun leiða til hækkunar á greiðslum fyrir afnotin, en um leið verður þjónusta þeirra aukin. Að hve miklu leyti sú þjónustuaukning getur nýst vegna ferðapjónustunnar er ekki vitað á þessu stigi.
- Talsverðir byrjunarörðugleikar komu upp á árinu 2015 við notkun kerfisins, en eftir að tekist hafði verið á við þá með aukinni þekkingu á innviðum þess og nauðsynlegri aðlögun kerfisins að þörfum ferðapjónustunnar hefur kerfið þjónað sínu hlutverki og tilgangi.
- Trapeze kerfið var í reynd eina kerfið á markaði sem gat leyst þarfir ferðapjónustunnar á þeim tíma sem verkefnið fór í gang. Mögulega eru önnur kerfi í boði núna, en ef leita á annarra lausna, þá kallar það á innleiðingu á nýju kerfi með tilheyrandi röskun og aukakostnaði, eða sérsmíði á nýju kerfi – kostnaður við slíkt er líklegast ofviða verkefni af stærðargráðu ferðapjónustunnar.
- Kerfið byggir á einum miðlægum gagnagrunni, en það gefur færi á að svæðaskipta notendahópnum og vinna flotastýringu eftir þeirri skiptingu. Hins vegar eru samningar Strætó bs. við Trapeze með þeim hætti að ekki er hægt að fjölga gagnagrunnum í kerfinu til að búa til aðra sjálfstæða notendur innan samningsins. Slíkt kallar þá á algjöran aðskilnað og sérstakan samning við Trapeze. Tæknilega ættu þó ekki að vera neinir hindranir á að gögn sem nú liggja í sameiginlega gagnagrunninum og tengjast tilteknu svæði verði flutt yfir í nýjan gagnagrunn.

Hugmyndir um mögulega svæðaskiptingu þurfa því að skoðast í ljósi framangreinds. Svæðaskipting er framkvæmanleg í sameiginlegri notkun kerfisins með einum gagnagrunni, en ef eitthvert sveitarfélag kys að taka verkefnið alfarið til sín, þá kallar það á sérstakan samning við Trapeze fyrir það sveitarfélag með tilheyrandi kostnaði. Kostnaði vegna reksturs núverandi útgáfu Trapeze yrði þá dreift á þá notendur sem eftir sitja í samstarfinu. Rétt er að benda á að svæðaskipting í núverandi rekstri hefur verið skoðuð einu sinni og niðurstaða þeirrar skoðunar var miðað við núverandi ferðamáta hefði hún leitt til verri nýtingar á bílaflota og aukins kostnaðar.

II. Sviðsmyndir:

Hér á eftir eru dregnar upp 6 sviðsmyndir til skoðunar og reynt að meta hvaða áhrif þær geta haft á fyrirkomulag og framkvæmd ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, hvaða álitamál þarf að skoða og hvaða erfiðleika og flækjustig þær geta haft í för með sér.

Sviðsmyndirnar eru þessar:

- Sviðsmynd 1: Óbreytt fyrirkomulag – óbreyttur rekstur.
- Sviðsmynd 2: Óbreyttur rekstur – svæðaskipt þjónusta.
- Sviðsmynd 3: Breyttur rekstur – svæðaskipt þjónusta.
- Sviðsmynd 4: Verkefnið aðgreint frá rekstri Strætó bs. og rekið sem sjálfstæð eining í eigu sveitarfélaganna.
- Sviðsmynd 5: Allt verkefnið boðið út – Strætó bs. út úr myndinni.
- Sviðsmynd 6: Samstarfi hætt – hvert sveitarfélag leysir þjónustuna á sínum forsendum.

Á þessu stigi er ekkert mat lagt á þessar sviðsmyndir. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi í huga við skoðun og umræðu um þær:

- Óháð því hvaða sviðsmynd á í hlut, þá verður meginviðfangsefnið að greina eins vel og kostur er flutningaþörfina og skilgreina stærð og samsetningu þess bílaflota sem þörf er á til að ná sem bestum árangri við framkvæmd verkefnisins. Þetta tekur bæði til þjónustu við notendur sem og sveigjanleika til að ná fram hámarksnýtingu og sem mestri hagkvæmni í rekstri.
- Eðli ferðaþjónustunnar leiðir af sér að notendur hennar eru sérlega viðkvæmir fyrir öllum breytingum sem gerðar eru og röskunum sem fylgt geta breytingum á núverandi fyrirkomulagi. Við mat á framangreindum sviðsmyndum (sem og mögulega öðrum hugmyndum um breytt fyrirkomulag) þarf að horfa sérstaklega til þess hvaða neikvæðu áhrif breytingar geta haft í för með sér fyrir þjónustuþega og meta þær á móti mögulegum rekstrarlegum ávinningi.
- Líklegast er að stærsti einstaki þátturinn til að ná fram betri fjárhagslegri niðurstöðu liggi í endurmati og endurskilgreiningu á þeim bílaflota sem notaður verður framvegis, auk mögulegra breytinga á núverandi reglum sem leitt geta af sér meiri sveigjanleika í flotastjórnun. Breytingar á umgjörð verkefnisins geta vissulega leitt til betri árangurs, en vart þess að vænta að þær skili viðlíka árangri og endurskipulagning bílaflota og flotastýringu.
- Næstu skref í máli krefjast talsvert meiri greiningar og úrvinnslu, og þau verða ekki unninn nema með aðkomu öflugs verkefnastjóra sem getur tekist á við að stýra og vinna þau verkefni sem framundan eru. Þeirri vinnu þarf að ljúka þannig að tímanlega liggi allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi bestun á samsetningu bílaflota ásamt ákvörðun um fyrirkomulag áframhaldandi samstarf sveitarfélaganna um rekstur ferðaþjónustunnar. Nauðsynlegt er að setja sem fyrst upp tímasetta verkáætlan þannig að sagan endurtaki sig ekki frá árinu 2014 þegar allur undirbúningur fór yfir eindaga.

1. Óbreytt fyrirkomulag – óbreyttur rekstur

Felur í sér:

- Öll sveitarfélögin starfi áfram á grundvelli núgildandi samstarfssamnings.
- Yfirumsjón og ábyrgð verði áfram á hendi samráðshópsins í samræmi við ákvæði 4. greinar.
- Strætó bs. annist áfram umsjón með þjónustunni, reki þjónustuverið, bjóði út akstur og hafi umsjón með daglegri famkvæmd verkefnisins.

Kostir:

- Áfram byggt á þeirri þekkingu og reynslu sem myndast hefur sl. 4 ár.
- Möguleikar til hagræðingar og úrbóta án breytinga á umgjörð verkefnisins sbr. m.a. samantekt, greiningu og ábendingum ALTA frá febrúar 2018.
- Lágmarks röskun gagnvart velferðasviðum sveitarfélaganna og þjónustuþegum.
- Tiltölulega einfalt að nýta fyrri útboðsgögn og aðlaga þau að beyttum forsendum um aðra samsetningu bílaflota, breyttan sveigjanleika og tímalengd samninga.

Gallar:

- Umfang verkefnisins etv. orðið of stórt – mögulegar hindranir og skortur á sveigjanleika ?
- Í núverandi fyrirkomulagi felast stjórnunar- og ábyrgðarlegir veikleikar, og ákveðin vandkvæði varðandi skýra mynd á reksturskostnaði.
- Ákveðin vandkvæði geta verið við að fá mynd af raunkostnaði við hverja ferð, og tryggja „réttláta“ skiptingu kostnaðar á milli sveitarfélaga (á móti kemur möguleikinn á lægri verðum í stóru útboði vs. útboði hvers og eins sveitarfélags).

Hverju þarf að breyta til að ná fram betri niðurstöðu en í dag:

- Endurmeta og endurskilgreina samsetningu bílaflota í ljósi fyrirbyggjandi gagna til að ná fram betri nýtingu og lægri kostnaði pr. þjónustueiningu. Markviss úrvinnsla á fyrirbyggjandi gögnum og reynslu sl. 4 ára á að gefa nægjanlegar upplýsingar til að skilgreina aðra og hagkvæmari samsetningu á bílakosti og breytta aðferðafræði við stýringu á flotanum.
- Horfa til aðgreiningar milli göngufærra einstaklinga og þjónustu við hjólastólafólk til að fækka sérútbúnum bifreiðum svo sem kostur er.
- Skoða vel möguleika á að nýta leigubíla /fólksbíla til allra flutninga þar sem ekki er þörf á sérhæfðum bílum.
- Greina ítarlega möguleika á hagræðingu í rekstri þjónustuvers.

Álitamál:

Hér þarf etv. að skoða vel það tilbrigði að skipta eignarhaldi og rekstri bílaflotans í tvennt, annars vegar að bjóða út allan akstur sem snýr að flutningi „fólks á fæti“, þ.e. einstaklinga sem ekki kalla á sérhæfða bíla, en ferðapjónustan sjálf (eða Strætó bs) eigi og reki sérhæfða hjólastólabíla.

Erfiðleikar - flækjustig:

- Tiltölulega auðveld framkvæmd m.v. aðra kosti, samstarf, samstarfssamningur, hlutverkaskipting og umgjörð helst óbreytt og verkefnið snýst því fyrst og fremst um endurhugsun á samsetningu bílaflota til að ná fram lægri verðum og greiningu á möguleikum á breyttum reglum til að auka sveigjanleika vegna flotastýringar og mögulegri lækun á kostnaði við rekstur þjónustuvers. Skerping á hlutverkaskiptan, ábyrgðarsviði og stjórnun verkefnisins þarf að vinna en slíkt kallar ekki á grundvallarbreytingar.
- Kallar ekki á grundvallarbreytingar vegna starfsmannahalds og annarra skuldbindinga sem eru til staðar hjá Strætó bs., utan mögulegra hagræðingaraðgerða vegna reksturs þjónustuvers.
- Leiðir ekki sjálfkrafa til neinnar röskunar á stöðu þjónustuþega né samskipta milli velferðarsviða og akstursþjónustu.

2. Óbreyttur rekstur – svæðaskipt þjónusta

Felur í sér:

- Öll sveitarfélögin starfa áfram saman að framkvæmd verkefnisins.
- Þjónustuver Strætó og Trapez kerfið notað áfram sameiginlega fyrir sveitarfélögin.
- Útboð aksturs áfram á vegum Strætó bs.
- Skipting í t.d. 2-3 þjónustusvæði,
 - a) Suðursvæði (Hafnarfjörður og Garðabær) ,
 - b) Norðursvæði (Reykjavík, Mosfellsbær, Seltjarnarnes),
 - c) Reykjavík sér og Seltjarnarnes og Mos saman. útboð á akstri taki mið af flutningapörf og umfangi þjónustu hvers svæðis.
- Trapez kerfið aðlagð til að þjónusta sérstaklega hvert svæði (tæknilega hægt í kerfinu í dag)

Ávinningur:

- Möguleg meiri sveigjanleiki í samsetningu bílaflota og flotastýringu ?
- „Eðlilegri“ verðmyndun í kerfinu, líklegra að kostnaður hvers sveitarfélags verði nær raunkostnaði.

Gallar:

- Getur falið í sér hindranir á bestu nýtingu bílaflotans og einhverra takmarkana á þjónustu frá því sem nú er.

Álitamál:

- Skoða hvaða áhrif þessi sviðsmynd hefur á sameiginlega ábyrgð og stjórnun sbr. núverandi stöðu samráðsvettvangsins.
- Skoða hvort þetta leiðir til minni samræmingar á þjónustuviðmiðum og samanburðar á þjónustu á milli svæða.

Erfiðleikar – flækjustig:

Röskun vegna breytinga fremur lítil, en þessi leið krefst engu að síður einhvers undirbúnings vegna svæðaskiptingarinnar og getur haft í för með sér röskun gagnvart þjónustuþegum. Þann þátt þarf að greina og meta, en líklegast ekki hægt að leggja mat á þann þátt fyrr en búið er að skilgreina svæðaskiptinguna og greina hvaða hindranir geta verið í þessu fyrirkomulagi, hvar þær hitta þjónustuþega fyrir og í hvaða mæli. Sömuleiðis þurfa velferðarsviðin að einhverju marki að aðlaga sig að breyttum vinnubrögðum vegna svæðaskiptingarinnar.

3. Breyttur rekstur – svæðaskipt þjónusta

Felur m.a í sér að:

- Verkefnið verði áfram rekið undir hatti Strætó bs, en með tilteknum breytingum, þ.e:
- Þau sveitarfélög sem svo kjósa starfi áfram undir nýjum samningi.
- Skilgreind verði markvissari „stjórn“ yfir verkefninu – yfirumsjón og ábyrgð grundvallast á lögum um málefni fatlaðra.
- Þjónustuver og dagleg flotastýring betur aðskilin frá daglegum rekstri Strætó bs., sérgreint þjónustuver eingöngu fyrir ferðapjónustuna. Skýrari línur og einfaldari boðleiðir.

Mögulegur ávinningur:

- Sveitarfélag/félög sem ekki sjá sér hag í að nýta þjónustuna geta farið aðrar leiðir og eftir atvikum náð fram einingaverðum sem væru lægri en meðalverð á einingu í sameiginlegu útboði.
- Styrking á yfirumsjón með verkefninu, virkari stjórn með skýrara umboði.
- Möguleikar á einföldun og lækkun á rekstrarkostnaði þjónustuvers. ?
- Sterkari fókus og meira gegnsæi á kostnaði við rekstur þjónustuvers og meiri sveigjanleiki til að bregðast við breytingum á rekstri og umfangi þjónustuversins.
- Möguleikar á rekstrarhagræðingu með svæðisskiptingu aksturs. ?
- Aukinn sveigjanleiki í flotastýringu. ?

Gallar:

- Kjósi tvö eða fleiri sveitarfélög að hverfa frá samstarfinu, þá er hætt á að forsendur fyrir þessari leið bresti.
- Dregur úr samræmingu á þjónustustigi og getur leitt af sér erfið álitamál í samanburði á milli sveitarfélaga.
- Sveitarfélag sem gengur út úr samstarfinu þarf að byggja upp þjónustu frá grunni, leiðir líklegast af sér tímabundið óöryggi.
- Svæðaskipting í flotastýringu getur leitt af sér hindranir í nýtingu bílafkotans og ákveðnar hindranir í ferðamöguleikum einstaklinga.

Álitamál:

- Þó svo að beitt verði svæðisskiptingu í flotastýringu, þá þarf að horfa til þess að í reynd felur þessi leið í sér sameiginlegt útboð á akstri fyrir þau sveitarfélög sem starfa áfram saman, og því yrði ekki um að ræða sérstök einingaverð fyrir hvert og eitt sveitarfélag. Svæðisskiptingin yrði því bundin við möguleika á betri nýtingu á sameiginlegum bílaflota í verkefninu.

Erfiðleikar – flækjustig:

- Flóknari og viðameiri breyting en sviðsmyndir 1 og 2. Kallar á endurskoðun eða mögulega nýjan samstarfssamning sveitarfélaganna og samsvarandi endurskoðun á þjónustulýsingu gagnvart Strætó bs. Sömu þættir gilda hér og í sviðsmynd 2 varðandi breytingar gagnvart þjónustuþegum, velferðarsviðum og rekstri þjónustuvers.

4. Verkefnið aðgreint frá rekstri Strætó bs. og rekið sem sjálfstæð eining í eigu sveitarfélaganna.

Felur m.a. í sér að gengið verði lengra en sviðsmynd 3 og verkefnið alfarið aðskilið frá Strætó bs.

- Breytt stjórnun og fjármál:
 - Skilgreind verði markvissari „stjórn“ yfir verkefninu – yfirumsjón og ábyrgð grundvallast á lögum um málefni fatlaðra.
 - Rekstur þjónustuvæðing og dagleg umsjón með framkvæmd þjónustunnar verði aðskilin frá rekstri Strætó bs. – sérstakt þjónustuver annist eingöngu ferðapjónustuver fyrir fatlað fólk.
- Þjónustuverið áfram rekið sameiginlega og þjóni öllum notendum.

Kostir:

- Verkefnið fær mun sterkari fókus og svigrúm til ákvarðanatöku um daglega framkvæmd sem færast frá stjórn og stjórnendum Strætó bs. yfir til sérstakrar stjórnar verkefnisins með virkri aðkomu fulltrúa velferðarsviða sveitarfélaganna.
- „Munaðarleysi“ verkefnisins sem talsvert örlar á í núverandi fyrirkomulagi verður eytt og um leið getur Strætó bs. einbeitt sér að sinni kjarnastarfsemi.

Gallar:

- FFF í þessari mynd verður lítil rekstrareining og því getur verið erfitt að ná fram rekstrarhagræðingu og tryggja nauðsynlega faglega þekkingu innan hennar. Útvistun á stoðþjónustu s.s. bókhaldi, launavinnslu, lögfræðiaðstoð o.fl. getur þó hjálpað og gefið færi á að lítill kjarni geti einbeitt sér að kjarnastarfseminni.

Álitamál:

- Val á formlegri umgjörð utan um verkefnið skiptir miklu máli, og þar eru nokkrir kostir:
 - Eitt sveitarfélag tekur verkefnið yfir og selur hinum þjónustu ?
 - Lagaleg og fjárhagsleg ábyrgð fer þá yfir á það sveitarfélag.
 - Gerður verði þjónustusamningur við eitt sveitarfélag um að annast verkefnið fyrir hin sveitarfélögin ? (sjá ákvæði þar um í sveitarstjórnarlögum)
 - Spurningar um mannaforráð, fjárhagslega og lagalega ábyrgð.
 - Sérstakt félag stofnað utan um reksturinn ? (væntanlega þá eitt byggðasamlagið enn til að tryggja sameiginlega ábyrgð allra á verkefninu, sjá ákvæði sveitarstjórnarlaga).
 - Starfsmenn ráðnir til byggðasamlagsins, lagaleg og fjárhagsleg hjá byggðasamlaginu með bakábyrgð sveitarfélaganna.

Erfiðleikar – flækjustig:

- Verulega krefjandi og eftir atvikum flókin aðgerð þar sem færa þarf alla starfsemina frá Strætó bs yfir í annað rekstrarform og rekstrarumhverfi. Þetta tekur til flutning starfsmanna til nýs vinnuveitanda, mögulega (en þó ekki nauðsynlega) útvegum á nýju húsnæði og annarri aðstöðu auk ýmissa annarra þátta. Ef unnt er að gera þessa breytingu án þess að staðsetning starfseminnar færist til, þá degur það verulega úr flækjustigi. (Fyrirhugaður flutningur starfsemi Strætó bs. að Hesthálsi gefur ekki færi á húsnæðislegum aðskilnaði, og því þarf líklegast að reikna með því að finna annan stað fyrir starfsemina ef þessi leið yrði valin)

5. Allt verkefnið boðið út – Strætó bs. úr myndinni

Lengst af við undirbúning að samstarfi sveitarfélaganna um þjónustuna var gert ráð fyrir að þessi leið yrði farin. Ákvörðun um aðkomu Strætó bs. að verkefninu var tekin á lokastigum undirbúningsins, m.a. vegna þrýstings frá Strætó bs. um að fá verkefnið til sín á grundvelli ákvæðis í stofnsamningi byggðasamlagsins.

Þessi leið felur í sér viðlíka framkvæmd og Kópavogur notar í dag og sem önnur sveitarfélög, að Reykjavíkurborg frátalinni notuðu áður en gengið var til núverandi samstarfs 2014.

Kostir sem uppi eru ef þessi leið verður valin eru að sveitarfélögin bjóði verkefnið út sameiginlega, eða að þau slíti samstarfinu og hvert sveitarfélag fyrir sig bjóði út þjónustu á sínum forsendum. Síðari kosturinn felur í sér sviðsmynd 6, og að staða mála yrði þá komin á sama reit og var áður en núverandi samstarf var sett á álagginnar.

Verði fyrri kosturinn valinn, þá felur hann í sér að rekstur Strætó bs. á þjónustuverinu og akstursþjónustu leggst af og kallað verði eftir tilboðum á akstri fyrir öll sveitarfélögin ásamt tilboði í rekstur á sameiginlegu þjónustuveri.

Þessi sviðsmynd felur í sér tilbrigði við sviðsmynd 4, með þeirri grundvallarbreytingu að með því að færa rekstur þjónustuvers yfir til verktaka opnast möguleiki á því að sveitarfélögin bjóði alla þjónustuna út og gerður verði samningur milli verktakans annars vegar og sveitarfélaganna sameiginlega hins vegar.

Framkvæmdin fer þá öll yfir í hendur verktakans, hlutverk sveitarfélaganna og velferðarsviða verður þá eftir sem áður að stýra notendum inn í þjónustuna eftir gildandi reglum og hafa daglegt eftirlit með framkvæmd þjónustu verktakans.

Kostir:

- Ekki þörf á að öll sveitarfélögin haldi áfram samstarfi í verkefninu, (ef 2 eða fleiri sveitarfélög kjósa að ganga út úr samstarfinu þá mögulega bresta forsendur fyrir samstarfi)
- Sveitarfélögin kaupa alla þjónustuna af utanaðkomandi verktaka á tilteknum verðum. Kostnaður við þjónustuna verður því skýr og allar forsendur varðandi gjaldskrár sveitarfélaganna þekktar. Áætlanagerð vegna reksturs þjónustunnar verður auðveldari.
- Enginn formlegur aðili verður á milli kaupanda þjónustunnar og verktakans. Velferðarsviðin þurfa þó að reka sameiginlegt eftirlit og samskiptavettvang við verktakann.

Gallar:

- Veruleg áhætta getur falist í því að gera samning við einn aðila um allt verkefnið.
- Sameiginlegt útboð á akstri getur falið í sér hindranir á að eitt sveitarfélag geti mögulega náð verðhagkvæmni á grundvelli séraðstæðna á „heimavelli“ (þátttaka í stóru útboði getur þó vegið þetta óhagræði upp þar sem vænta má lægri verða ef einn aðili fær allan pakkann)

Erfiðleikar – flækjustig:

- Þessi leið kallar á krefjandi grundvallarbreytingar þar sem í henni felst m.a. að núverandi starfsemi þjónustuversins leggst af. Segja þarf upp öllum starfsmönnum, en um leið þarf að tryggja að sú þekking og reynsla sem liggur inni í núverandi þjónustuveri fari ekki forgörðum. Sömuleiðis þarf að tryggja að yfirfærsla á rekstri þjónustuvers og akstursþjónustu til nýs rekstraraðila leiði ekki af sér röskun gagnvart þjónustuþegum og velferðarsviðum. Frágangur og viðskilnaður við Strætó bs. getur sömuleiðis kallað á einhver álitamál og úrlausnarefni. Gera þarf nýjan samstarssamning milli sveitarfélaganna sem tekur mið að breyttu fyrirkomulagi, og útboðsgögn vegna þessarar leiðar þurfa að taka mið af breyttu fyrirkomulagi.

6. Samstarfi hætt – hvert sveitarfélög leysir þjónustuna á sínum forsendum.

Verkefnið felur í sér:

- Samstarfi sveitarfélaganna um rekstur sameiginlegrar ferðapjónustu verði slitið og fram fari fjárhagslegt uppgjör verkefnisins við Strætó bs. og á milli sveitarfélaganna.
- Stærsta sveitarfélagið, Reykjavíkurborg yfirtaki þjónustuverið og nýti það vegna ferðapjónustu fyrir fatlað fólk innan sveitarfélaganna.
- Hvert sveitarfélag fær til sín sinn hluta af núverandi gagnagrunns Trapez kerfisins til að byggja upp grunn að sinni þjónustu heima fyrir og til undirbúnings að sínu útboði á akstursþjónustu.
- Hlutverki samráðshóps velferðarsviðanna lokið í núverandi mynd, en faglegt samráð getur haldið áfram.

Kostir:

- Sérhvert sveitarfélag hefur „frjálsar hendur“ til útboðs á alþjónustu vegna aksturs fyrir sína skjólstæðinga, (þ.m.t. útboðs á rekstri þjónustuvers eða með rekstri eigin þjónustuvers og útboði á akstri)

Gallar:

- Engar eða takmarkaðar forsendur fyrir mögulegum samlegðaráhrifum eða stærðarhagkvæmni í samningum við akstursaðila.
- Líkindi á að minni sveitarfélögin nái ekki jafn hagstæðum verðum og þau stærri. (að því gefnu að verið sé að veita sömu eða mjög sambærilega þjónustu á öllu svæðinu)
- Mikill verðmunur á milli aksturstillboða á milli sveitarfélaga eykur líkindi á mismunandi gjaldskrá og þrýstingi vegna notendasamanburðar.
- Talsverðar breytingar gagnvart þjónustuþegum sem eru orðnir vanir núverandi fyrirkomulagi.

Erfiðleikar – flækjustig.

- Þessi leið kallar á umtalsverðar breytingar hjá velferðarsviðum sveitarfélaganna sem þurfa í kjölfarið að breyta verklagi og eftir atvikum byggja upp þekkingu og getu til að takast á við verkefnið á eigin forsendum.



Til: Samráðshóps félagsmálastjóra
Frá: Framkvæmdastjóra SSH
Afrit: -
Dags: 12. júlí 2018

Varðar: Undirbúningur að ákvörðun um áframhaldandi samstarf og nýtt útboð aksturs vegna sameiginlegrar ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

1. Aðdragandi og núverandi staða

Núverandi akstursamningar Strætó bs., við verktaka sem sinna akstri vegna sameiginlegrar ferðapjónustu fyrir fatlað fólk, renna út í árslok 2019. Í ljósi þess hefur Strætó bs. kallað eftir ákvörðun sveitarfélaganna um framhald máls þegar núverandi samningar renna út. Að mati Strætó bs. þarf að ætla u.þ.b. eitt ár til undirbúnings nýs útboðs og innleiðingu nauðsynlegra breytinga sem slíkt útboð mun hafa í för með sér. Forsendur vegna mótunar nýs útboðs þurfa því að liggja fyrir eigi síðar en í árslok 2018.

Á fundi stjórnar SSH hinn 13. nóvember 2017 var fjallað um málið og eftirfarandi samþykkt:

“Stjórn SSH tekur undir niðurlag minnisblaðs framkvæmdastjóra um nauðsyn þess að hafin verði vinna í samræmi við ofangreint og að fyrsta verkefni verði óhjákvæmilega mat á forsendum og vilja sveitarfélaganna til að halda þessu samstarfi áfram. Það mat þarf að að byggja á eins ítarlegum og ígrunduðum greiningum á fyrirliggjandi gögnum um rekstur, kostnað og þjónustu í núverandi fyrirkomulagi, og sú niðurstaða þarf að liggja fyrir áður en farið verður í áðrar aðgerðir. Með vísun í ákvæði 4. greinar samnings sveitarfélaganna frá 19. maí 2014 telur stjórn SSH eðlilegt að samráðshópur félagsmálastjóra annist þetta verkefni og setji fram tillögu um verklag og stýrihóp vegna þessa. Umfang verkefnisins kallar á aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa og því þarf að leita eftir réttum aðila, gera áætlun um kostnað og afla samþykkis sveitarfélaganna fyrir greiðslu kostnaðar vegna verkefnisins.”

Í framhaldi af ofangreindri samþykkt var myndaður stýrihópur og verkfræðistofan ALTA fengin til að taka saman grunnupplýsingar um núverandi framkvæmd ferðapjónustunnar. Þar koma m.a. fram ábendingar um möguleika á hagræðingu með breytingum innan núverandi rekstrarfyrirkomulags þjónustunnar.

Niðurstaða ALTA var lögð fyrir samráðshóp félagsmálastjóra sveitarfélaganna og í framhaldi tekin til umfjöllunar í stjórn SSH 7. maí sl. Stjórn SSH samþykkti að skýrsla starfshópsins yrði send aðildarsveitarfélögunum og kallað eftir afstöðu þeirra til áframhaldandi samstarfs um rekstur sameiginlegrar ferðapjónustu fyrir fatlað fólk að loknum samningstíma núverandi akstursamninga Strætó bs.

Við umfjöllun um málið hjá sveitarfélögunum hefur berlega komið í ljós að framangreindar upplýsingar, greining og ábendingar ALTA teljast ekki fela í sér nægjanlegar forsendur til að unnt sé að taka afstöðu til áframhaldandi samstarfs á grundvelli þeirra. Frekari vinnu er því þörf til að draga fram niðurstöðu í samræmi við samþykkt stjórnar SSH frá 13. nóvember 2017.

Í ljósi þessa hefur samráðshópur félagsmálastjóra ásamt sviðsstjóra farþegaþjónustu Strætó bs. og framkvæmdastjóra SSH farið ítarlega yfir þau viðfangsefni og álitamál og spurningar sem leysa þarf úr til að sveitarfélögin geti tekið ígrundaða og yfirvegaða afstöðu til framhald máls.



2. Viðfangsefnið

Í meginráttum skiptist viðfangsefnið í tvennt:

- a) Mat á árangri á samstarfi sveitarfélaganna við rekstur sameiginlegrar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og greining á hvort æskilegt eða nauðsynleg sé að breyta núverandi fyrirkomulagi og umgjörð verkefnisins. Meta þarf áhrif mismunandi sviðsmynda af mögulegum breytingum á umgjörð og fyrirkomulagi þjónustunnar sbr. við óbreytt fyrirkomulag
(Fyrir liggur samantekt framkvæmdastjóra SSH frá 11. júlí sem grunngagn fyrir áframhaldandi vinnu við þennan hluta verkefnisins.)
- b) Ítarleg greining á möguleikum á betri rekstrarárangri með endurskipulagningu á samsetningu bílaflota í ljósi fenginnar reynslu og öðrum þeim breytingum á flotastýringu sem leitt geta til hagfelldari niðurstöðu. Samhliða þarf að fara yfir fyrirbyggjandi sameiginlegar reglur um aðgengi að þjónustunni og greina hverju er mögulegt að breyta í nógildandi þjónustuviðmiðum.
(Fyrir liggur ítarleg samantekt sviðsstjóra farþegaþjónustu Strætó bs. frá 11. júlí 2018 á þeim viðfangsefnum sem tengjast þessum hluta verkefnisins.)
- c) Mótun tillagna um framhald máls, byggt á greiningu á a) og b) hér að framan og útfærsla á endanlegri niðurstöðu í samræmi við viðhorf sveitarfélaganna um framhald máls.

3. Næstu skref

Setja þarf strax í gang þá vinnu sem nauðsynleg er til úrvinnslu á liðum a) og b) hér að framan, með það að markmiði að allar greiningar og öll nauðsynleg úrvinnsla, sem og tillögur sem á þeim verða byggðar verði tilbúnar og geti fengið efnislega umfjöllun og afgreiðslu sveitarstjórnanna fyrir lok árs.

Nú þegar liggur fyrir talsvert af upplýsingum og greiningum sem nýtast munu til þessarar vinnu. Ekki þarf því að reikna með yfirgrips- eða tímafrekri gagnaöflun, heldur þarf að einbeita kröftum að því að vinna úr og aðlaga fyrirbyggjandi gögn þannig að þau gefi skýr svör við þeim álitaefnum sem leita þarf svara við.

Verkefnið er nokkuð viðamikilið og krefst samstillingar nokkurra aðila. Það verður ekki unnið nema að því komi verkefnastjóri sem bæði getur tekist á við greiningar á fyrirbyggjandi gögnum, sem og samræmt og stýrt vinnu þeirra aðila sem nauðsynlega þurfa að koma að máli. (Ferðaþjónusta Strætó bs., samráðshópur félagsmálastjóra, velferðarsvið sveitarfélaganna, lögræðiráðgjöf, o.fl.). Sömuleiðis þarf viðkomandi að kynna og máta hugmyndir og mismunandi greiningu sviðsmynda við pólitísk viðhorf og draga þannig fram skýra mynd af þeim kostum og leiðum sem líkleg sátt getur orðið um milli sveitarfélaganna um framhald máls.

Í þessari vinnu þarf einnig að horfa sérstaklega til nauðsynlegra aðgera til að skerpa og treysta alla stjórnun verkefnisins með skýrum línum varðandi valdsvið og ábyrgð. Sömuleiðis þarf að móta skýra tillögu um allar forsendur fyrir kostnaðarskiptingu sem byggir á notkun hvers sveitarfélags á þjónustunni og mati á raunkostnaði við framkvæmd þjónustunnar.



4. Niðurstaða og tillaga um framhald máls

Til að sveitarfélögin geti tekið ígrundaða og yfirvegaða ákvörðun um áframhald núgildandi samstarfs um rekstur sameiginlegrar ferðapjónustu fyrir fatlað fólk þarf að ljúka úrvinnslu á þeim álitamálum og verkefnum sem gerð er grein fyrir í samantektum framkvæmdastjóra SSH og sviðsstjóra ferðapjónustu Strætó bs. frá 11. júlí 2018.

Áætla má að umfang vinnu verkefnastjóra geti orðið ígildi 1,5 – 2 mánaða samfelldrar vinnu og kostnaður því um 4–5 m. króna. Þar til viðbótar er gert ráð fyrir að kostnaður vegna vinnu bresks ráðgjafa vegna vinnu með ferðapjónustusviði Strætó bs. við skoðun á breyttri samsetningu bílaflota og flotastýringar geti numið 1,5–2 m. króna.

Lagt er til að sveitarfélögin sem aðild eiga að sameiginlegri ferðapjónustu fyrir fatlað fólk heimili að ráðinn verði sem fyrst verkefnisstjóri til að annast þau verkefni sem gerð er grein fyrir hér að framan. Verkefnið verði vistað hjá SSH og unnið í samvinnu við samráðshóp félagsmálastjóra og farþegasvið Strætó bs. Kostnaður vegna þessa skiptist á milli þeirra sveitarfélaga sem nota þjónustuna í hlutfalli við íbúatölu.

Kostnaður sem leiðir af aðkomu bresks ráðgjafa verði greiddur gegnum ferðapjónustu fatlaðs fólks og skiptist á milli sveitarfélaganna eftir íbúatölu.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) Minnisblað framkvæmdastjóra SSH frá 13. nóvember 2017
- b) Samantekt framkvæmdastjóra SSH frá 11. júlí 2018
- c) Minnisblað sviðsstjóra ferðapjónustu Strætó bs. frá 11. júlí 2018



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg
vt. Regína Ásvaldsdóttir
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 16. ágúst 2018
1808001 SB

Varðar: Samstarf um málefni utangarðsfólks

Á 459. stjórnarfundum SSH, þann 13. ágúst s.l. var eftirfarandi bókað:

Samþykkt að vísa erindinu til skoðunar og umsagnar hjá samráðshópi forstöðumanna velferðarsviða.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH



Reykjavík, 9. ágúst 2018
R18070088
2130

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hamraborg 9
200 KÓPAVOGUR

Viðræður vegna kostnaðarþátttöku einstaklinga sem nýta sér úrræði Reykjavíkurborgar

Þann 31. júlí sl. samþykkti borgarráð að fela undirrituðum að óska eftir því að taka upp formlegar viðræður við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um kostnaðarþátttöku vegna þeirra einstaklinga sem eru með lögheimili í sveitarfélögum utan Reykjavíkur en nýta sér úrræði Reykjavíkurborgar s.s. Konukot, Gistiskýlið og Víðines og er það gert hér með.

Dagur B. Eggertsson



Reykjavík, 9. ágúst 2018
R18070088
2130

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hamraborg 9
200 KÓPAVOGUR

Samstarf um málefni utangarósfólks

Á fundi borgarráðs þann 31. júlí sl. var samþykkt að hefja formlegt samstarf milli ríkis, Reykjavíkurborgar, stærstu sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að tryggja að raunhæfar úrlausnir séu til staðar þegar leysa þarf úr bráðum húsnæðisvanda. Er hér með óskað eftir viðræðum um samstarf. Er lagt upp með það af hálfu Reykjavíkurborgar að áhersla samstarfsins sé álit umboðsmanns Alþingis frá 6. júlí 2018 (mál 9164/2016) þar sem kom fram að hann teldi mikilvægt að þeir aðilar sem koma að málefnum þeirra hópa sem fjallað er um í álitinu, bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga, hafi með sér samráð um hvernig takast megi á við húsnæðisvanda þeirra þannig að efnisleg lágmarksréttindi séu tryggð og að um sé að ræða raunhæf og virk úrræði í þágu þeirra.

Dagur B. Eggertsson

Samrit:
Samband íslenskra sveitarfélaga
Félags- og jafnréttismálaráðherra
Heilbrigðisráðherra

Frá: Guðjón Bragason

Sent: fimmtudagur, 16. ágúst 2018 16:17

Til:

Efni: Varðar beiðnir um afrit úr gerðabók yfirkjörstjórna - leiðbeiningar um svar

Til allra sveitarfélaga

Mörg sveitarfélög munu hafa fengið erindi þar sem óskað er eftir afritum úr gerðabók yfirkjörstjórnar við seinustu sveitarstjórnarkosningar, sem fram fóru 26. maí 2018. Fram kemur að óskað er eftir afriti af öllum bókunum sem varða undirbúning kosninganna, sem og bókunum á kjördag og einnig bókunum eftir að kjörfundi lauk.

Í beiðninni er vísað til ákvæða upplýsingalaga, nr. 140/2012 sem að meginstefnu byggja á því að sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar verði við beiðnum sem berast um aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál sem til meðferðar hefur verið í stjórnarsýslunni. Ekki kemur fram í hvaða skyni óskað er eftir þessum gögnum enda skiptir það almennt ekki máli við framkvæmd upplýsingalaga, sbr. þó um gögn í rannsóknarskyni hér að neðan.

Að mati sambandsins leikur enginn vafi á því að umbeðin gögn falla undir aðgangsrétt skv. upplýsingalögum. Hafi yfirstjórn sjálf, eða formaður hennar, ekki þegar svarað beiðninni eru framkvæmdastjórar sveitarfélaga hvattir til þess að hlutast til um að beiðinni verði svarað í ljósi þess að yfirkjörstjórnir eru hluti af stjórnarsýslu sveitarfélaga enda þótt þær séu - í störfum sínum - óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar sbr. 5. mgr. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.



Umrædd beiðni hefur vakið upp þá spurningu hvort afrit úr gerðabók eða einhverjar af bókunum yfirkjörstjórnar kunni að innihalda upplýsingar um einka- eða almannahagsmuni sem undanþegnar séu aðgangsrétti á grundvelli takmarkana í 9. og 10. gr. upplýsingalaga. Sambandið telur almennt mjög langsótt að einhverjar upplýsingar í gerðabók eða bókunum geti fallið undir ofangreind ákvæði, eða talist viðkvæmar upplýsingar í skilningi persónuverndarlaga. Hvað það varðar er tekið fram að nafn, kennitala, heimili og starfsheiti frambjóðenda geta ekki talist til slíkra upplýsinga og sama gildir um meðmælendur lista.

Á hinn bóginn er mögulega ekki hægt að útiloka að í einhverjum erindum sem yfirkjörstjórn kann að hafa tekið afstöðu til í bókun, leynist atriði af persónulegum toga sem óvarlegt gæti verið að veita aðgang að. Er ábendingin þá sú að afhenda þau gögn, ljósrituð á pappír, þar sem hin viðkvæmu atriði hafa verið yfirstrikuð sbr. 3. mgr. 5. gr. upplýsingalaga. Veita skal viðtakanda upplýsingar um að hann geti borið þessa takmörkun á aðgangi undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Jafnframt er bent á að sérstök ákvæði gilda um aðgang að gögnum í rannsóknarskyni, sbr. VIII. kafla upplýsingalaga.

Með kveðju fyrir hönd sambandsins,

Guðjón Bragason,
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is



Afbrotatölfræði

júlí 2018



Aðferð


Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.

Hér að neðan er fjöldi afbrota í júlí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í júlí eru miðað þessi mörk.


	Júní 2018	Júlí 2018	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	795	667	Mikil fækkun	Fækkar
Þjófnaður	333	312	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	76	79	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	128	101	Fækkar	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	7	6	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	13	12	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	3	1	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	142	108	Fækkar	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	34	22	Fækkar	Fækkar
Fíkniefni	205	110	Fækkar	Fækkar
Umferðarlagabrot	1.239	1.273	Fjölgar	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	163	189	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	118	102	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	32	32	Innan marka	Innan marka

Hegningarlagabrot

- Skráð voru 667 hegningarlagabrot í júlímánuði. Tilkyningum fækkaði á milli mánaða.
- Skráðum hegningarlagabrotum fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist álíka margar tilkynningar um hegningarlagabrot líkt og bárust að meðaltali á sama tímabili síðustu þrjú ár á undan.




Hegningarlagabrot	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	667	758	725	791	-123	-16%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	667	790	719	791	-91	-12%	Mikil fækkun



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




- Í júlí bárust 312 tilkynningar um þjófnaði. Tilkynntum þjófnuðum fækkaði á milli mánaða.
- Tilkynntir þjófnaðir voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynningum um innbrot og hnúpl fjölgaði á milli mánaða. Tilkynningum um þjófnað á farsímum og reiðhjólum fækkaði.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um þjófnaði fækkað um átta prósent miðað við meðalfjölda á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl
■ Þjófnaður - innbrot	51	75	83	84	100	81	92	98	70	72	98	76	79
■ Þjófnaður - hnúpl	63	71	83	73	66	63	38	44	52	54	56	33	48
■ Þjófnaður - gsm	39	50	32	33	33	26	28	26	24	31	28	23	19
■ Þjófnaður - reiðhjól	47	71	57	57	18	10	3	4	27	34	55	77	56
■ Þjófnaður - annað	114	151	181	150	183	114	113	104	124	102	106	124	110
Þjófnaður alls	314	418	436	397	400	294	274	276	297	293	343	333	312

Þjófnaður	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	312	303	276	329	9	3%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	312	340	284	395	-28	-8%	Innan marka




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Innbrot—dags. brots

- Í júlí bárust 79 tilkynningar um innbrot til lögreglu. Tilkynningum fjölgaði lítillega á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynninga um innbrot var innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um innbrot í ökutæki.
- Það sem af er ári hafa borist um 11 prósent fleiri tilkynningar um innbrot en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.




Innbrot	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	79	84	12	72	96	-5	Innan marka
12 mánaða meðaltal	79	82	14	68	95	-3	Innan marka



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




- Í júlí var skráð 101 tilkynning um ofbeldisbrot. Tilkynningum fækkaði á milli mánaða.
- Skráðum ofbeldisbrotum fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 14 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



Líkamsárás, minniháttar	86	77	88	87	99	86	81	100	96	81	88	94	81
Líkamsárás, meiriháttar/stórfelld	11	15	19	12	15	26	12	16	12	19	15	21	13
Önnur ofbeldisbrot	4	5	4	6	5	7	5	2	6	9	5	13	7
Ofbeldisbrot alls	101	97	111	105	119	119	98	118	114	109	108	128	101

Ofbeldisbrot	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	101	113	103	122	-12	-10%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	101	111	102	120	-10	-9%	Fækkar



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í júlí voru skráð sex tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 66 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi en skráð voru að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.

Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í júlí voru skráð þrjú tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 38 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi en skráð voru að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu




Kynferðisbrot—dags. brots

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 12 tilkynningar um kynferðisbrot sem áttu sér stað í júlí.
- Tilkynntum kynferðisbrotum fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um tíu prósent færri tilkynningar en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.




Kynferðisbrot	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	12	20	Neðri	+/-	
12 mánaða meðaltal	12	23	Efri	%	




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot—dags. tilkynnt




- Skráð voru 24 kynferðisbrot í júlí, jafn mörg og skráð voru í júní.
- Skráðum kynferðisbrotum fækkaði miðað við útreiknaðra neðri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 48 prósent fleiri kynferðisbrot en voru skráð að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.




Kynferðisbrot	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	24	37	27	47	-13	-35%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	24	32	22	42	-8	-25%	Innan marka




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

- Alls bárust 50 tilkynningar um heimilisofbeldi í júlí.
- Tilkynningum um heimilisofbeldi fækkaði í júlí miðað við reiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um níu prósent fleiri tilkynningar um heimilisofbeldi en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



Heimilisofbeldi	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	50	59	51	67	-9	-15%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	50	60	53	67	-10	-17%	Fækkar




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Leit að týndum ungmennum

- Alls bárust 28 beiðnir um leit að börnum og ungmennum í júlí.
- Fjöldi leitarbeiðna í júlí voru innan marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 63 prósent fleiri leitarbeiðnir en bárust að meðaltali á sama tímabili árin 2015 til 2017.




Leitarbeiðnir	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	28	25	17	33	3	13%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	28	21	13	28	7	34%	Innan marka




Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



- Í júlí voru skráðar 109 tilkynningar um eignaspjöll.
- Tilkynningum um eignaspjöll fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Á milli mánaða fækkaði tilkynningum um öll eignaspjöll.
- Það sem af er ári hafa borist um 15 prósent fleiri tilkynningar um eignaspjöll en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



Eignaspjöll	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	109	132	119	144	-23	-17%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	109	124	109	139	-15	-12%	Innan marka




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Nytjastuldur ökutækja

- Skráðar voru 22 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum ökutækjum í júlí.
- Tilkynntum nytjastuldum fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um álíka margar tilkynningar um nytjastuldi líkt og bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.





Nytjastuldir	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	22	31	24	37	-9	-28%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	22	32	23	40	-10	-31%	Fækkar



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



- Í júlí voru skráð 113 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu. Skráðum brotum fækkaði á milli mánaða.
- Skráðum fíkniefnabrotum fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Þrjú stórfellt fíkniefnabrot voru skráð á höfuðborgarsvæðinu í júlí.*
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 14 prósent fleiri fíkniefnabrot en voru skráð að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Fíkniefni	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	110	149	120	178	-39	-26%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	110	139	116	162	-29	-21%	Fækkar



Umferðarlagabrot


- Skráð voru 1.273 umferðarlagabrot* í júlí. Skráðum umferðarbrotum fjölgaði á milli mánaða.
- Í júlí fjölgaði skráðum umferðarlagabrotum miðað við útreiknuð eftri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð álíka mörg umferðarlagabrot á höfuðborgarsvæðinu og voru skráð að meðaltali á sama tíma sl. þrjú ár á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra. Heildarfjöldi brota—með hraðamyndavélum.

Umferðarlagabrot	Júlí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	1.273	959	770	1.149	314	33%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	1.273	943	757	1.129	330	35%	Fjölgar







Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

- Skráð voru 189 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í júlí.
- Brotum fjölgaði mikið í júlí miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 59 prósent það sem af er ári samanborið við meðaltal á sama tímabili síðustu þrjú ár.

Ölvun við akstur


- Í júlí voru skráð 102 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur.
- Skráður fjöldi brota er innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 40 prósent það sem af er ári samanborið við meðaltal á sama tímabili síðustu þrjú ár.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Þróun á löggæslusvæði 1




- Hér er fjöldi afbrota í júlí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Júní 2018	Júlí 2018	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	441	325	Innan marka	Fækkar
Þjófnaður	183	177	Fjölgar	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	37	42	Fjölgar	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	80	38	Fækkar	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	6	2	Fækkar	Fækkar
Kynferðisbrot	5	6	Innan marka	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	2	0	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	78	45	Fækkar	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	19	10	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	147	45	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot *	433	382	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	59	55	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	53	36	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	17	16	Fjölgar	Fjölgar
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 2




- Hér er fjöldi afbrota í júlí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Júní 2018	Júlí 2018	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	89	71	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Þjófnaður	40	28	Mikil fækkun	Fækkar
Þjófnaður - innbrot	13	12	Fækkar	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	13	14	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	1	Fjölgar	Fjölgar
Kynferðisbrot	0	0	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	21	16	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	1	1	Fækkar	Mikil fækkun
Fíkniefni	10	8	Fækkar	Fækkar
Umferðarlagabrot *	170	233	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	19	30	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	17	20	Fjölgar	Fjölgar
Innbrot á heimili	4	6	Innan marka	Innan marka
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 3




- Hér er fjöldi afbrota í júlí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Júní 2018	Júlí 2018	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	140	140	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður	69	57	Innan marka	Fækkar
Þjófnaður - innbrot	19	13	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	17	23	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	1	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	4	2	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	23	27	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	3	8	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	27	25	Fækkar	Innan marka
Umferðarlagabrot *	269	255	Fjölgar	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	50	57	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	26	22	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	8	4	Innan marka	Fækkar
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 4



- Hér er fjöldi afbrota í júlí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Júní 2018	Júlí 2018	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	100	105	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	34	42	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	6	12	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	15	23	Fjölgar	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	2	Fjölgar	Fjölgar
Kynferðisbrot	1	1	Fækkar	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	Innan marka	Fækkar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	18	18	Fækkar	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	9	3	Mikil fækkun	Fækkar
Fíkniefni	13	30	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot *	293	347	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	26	43	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	15	20	Fjölgar	Fjölgar
Innbrot á heimili	3	6	Innan marka	Innan marka
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.